

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024,
breytt landnotkun við Grandagarð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 5. nóvember 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í breyttri landnotkun á hafnar- og athafnasvæði HA2 Gamla höfn, þannig að heimiluð er verslun og þjónusta sem ekki fellur undir hafnsækna starfsemi á lóðunum Grandagarður 15-101 (oddatölur). Lóðirnar verða viðbót við aðrar lóðir þar sem slíkt var heimilað árið 2003. Borgarráð samþykkti tillöguna 27. ágúst 2009.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 5. nóvember 2009.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 20. nóvember 2009